

KIRKJUR

LAUGARDAGUR 24. NÓVEMBER 2012

Kynningarblað

Aðventan, tónleikar, barna- og unglingastarf, safnaðarstarf, hæsta kirkjan, elsta kirkjan og kirkjur helgaðar heilögum Þorláki.

Kirkja hefur verið á Þingvöllum frá því skömmu eftir kristnitöku. Núverandi kirkja var byggð árið 1859 og vígð á jóladag það ár.



Ríkasta kirkjan

Strandarkirkja er ríkasta kirkja landsins vegna áheita. Ástæðan er helgisögn frá 12. öld af bónda í sjávarhásku sem hét að gefa allan við sem hann var að flytja frá Noregi til kirkjubyggingar á þeim stað þar sem hann næði landi. „Þegar hann hafði unnið þetta heit birtist honum ljósengill fram undan stefni skipsins og verður þessi sýn honum stefnumið sem hann stýrir eftir. Engillinn leiðir svo skipið gegnum brimið og bárust skipverjar þannig inn í vík eina nálægt Strönd sem nefnist Engilsvík eftir þetta. Þar skammt fyrir ofan malarkamb var reist hin fyrsta Strandarkirkja.“

Styttan Landsýn, sem stendur framan við Strandarkirkju er eftir listakonuna Gunnfríði Jónsdóttur (f. 26. desember árið 1889 að Sæunnarstöðum í Hallárdal í Austur-Húnavatnssýslu). Gunnfríður var við nám í Kaupmannahöfn þegar hún kynntist tilvonandi manni sínum, Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara, og þau felldu hugi saman. Styttan var vígð sumarið 1953. Styttuna vígði þáverandi biskup Íslands, Sigurgeir Sigurðsson. Styttan er af englinum sem birtist sæförunum sem lentu í sjávarhásku fyrir langa löngu og er minnisvarði um kraftaverkið í Engilsvík.



Styttan Landsýn sem stendur fyrir utan Strandarkirkju.

GEFÐU HÆNU



GEFÐU GJÖF SEM GEFUR

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis hænu, geit, brunn, matjurtagarð, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.

www.gjofsemgefur.is

 Hjálparstarf
kirkjunnar

25 ára afmæli Árbæjarkirkju fagnað á aðventunni

Aðventan í Árbæjarkirkju verður viðburðamikil í ár líkt og undanfarin ár. Kórsöngur, barnaleikhús, líknarsjóðshappdrætti og gospelsónleikar eru á meðal þess sem á dagskrá verður.

Umfangsmikið kórastarf mun einnenna aðventuna undir nafninu Kórafoss. „Í ár mun verða gert örlítið betur þar sem kirkjan fagnar 25 ára vígslu-afmæli,“ segir Þór Hauksson, sóknarprestur Árbæjarkirkju.

Fyrsti sunnudagur í aðventu 2. desember

Fyrsti sunnudagurinn í aðventunni í Árbæjarkirkju er Kirkjudagurinn, en þá er afmæli kirkjunnar fagnað. „Dagurinn byrjar á sunnudagaskóla klukkan ellefu líkt og venjulega. Klukkan tvö verður svo hátíðar-guðsþjónusta þar sem biskup Íslands, Agnes Sigurðardóttir, predikar. Þá mun, auk Agnesar, séra Guðmundur Þorsteinsson, sem var fyrsti sóknarprestur Árbæjarsafnaðar, þjóna með mér og séra Sigrúnu Óskarsdóttur. Mikill fjöldi tónlistarfólks kemur fram í messunni, en Þóra Gylfadóttir syngur einsöng og kór Landsvirkjunar kemur í heimsókn og syngur bæði einn og með kirkjukórnum okkar.“

Kvenfélagskaffihlaðborð

Eftir messuna mun Kvenfélag Árbæjarsafnaðar vera með sitt árlega kaffihlaðborð og líknarsjóðshappdrætti. „Fyrirtæki og einstaklingar hafa þá lagt til ýmsan varning sem Kvenfélagið hefur safnað saman og pakkað inn. Þær eru ótrúlega öflugar þessar konur, hafa þjónað og fönðrað alls kyns muni sem verða einnig í happdrættinu. Allur ágóðinn rennur svo í styrktarsjóð Árbæjarkirkju sem notaður er til að aðstoða safnaðarmeðlimi sem þurfa á hjálp að halda.“



Hér er starfsfólk Árbæjarkirkju ásamt krökkum úr 7 til 9 ára starfi kirkjunnar sem haldið er reglulega. MYND/GVA

Annar sunnudagur í aðventu 9. desember

Annar sunnudagur í aðventu mun svo Árbæjarkirkja og íþróttafélagið Fjölirnir slá upp balli. „Þá verður dansað í kringum jólatréð, sungin jólalög og vonandi láta einhverjir jólasveinar sjá sig. Þeir hafa nú vanalega litið við með eitthvað í pokanum sínum.“

Um kvöldið klukkan átta er svo aðventu-kvöld þar sem ræðuhaldari verður fréttakonan Edda Andrésdóttir. Hvorki meira

né minna en þrjú kórar munu syngja þetta kvöld, svo búast má við að þakið rifni af kirkjunni. „Það er samstarfsverkefni í gangi hérna milli Árbæjarkirkjukórs, Grafarholtskirkjukórs og Grafarvogskirkjukórs. Þeir eru búnir að æfa saman dagskrá og munu á næstunni syngja saman í öllum þessum þremur kirkjum.“

Á dagskránni verða sjálfsagt klassískir kirkjusálmar og ég veit að endað verður á

Heims um ból. Það verður helg stund að hlusta á þessa kóra syngja saman og kórstjórinn okkar, Krisztina Kalló Szklenár, á heiður skilinn fyrir gott starf með kórnum okkar,“ segir Þór.

Gospelsónleikar 12. desember

Þriðjudaginn 12. desember klukkan 20 verður Gospelkór Árbæjarkirkju með tónleika. „Kórinn okkar er einn elsti gospelkór landsins og verður þrettán ára um þessar mundir. Ingvar Alfreðsson stýrir honum og má búast við létttri og skemmtilegri stemningu.“

Þriðji sunnudagur í aðventu 16. desember

„Möguleikahúsið kemur í sunnudagaskólann til okkar klukkan ellefu með leiksýningu sem minnir okkur á inntak jólaanna. Þetta verður kósi stund, þar sem fjölskyldan getur mætt og horft á fallega leiksýningu. Að öðru leyti verður ekki meira um að vera þann daginn í kirkjunni og kórinn og organistinn fá smá frí.“

Messur um jólin

Á aðfangadag verða tvær messur í Árbæjarkirkju, ein klukkan ellefu að morgni og önnur klukkan ellefu að kvöldi. „Það er alltaf sama fólk sem mætir í messur á aðfangadag. Mikill munur er þó á andrúmslofti á þessum tveimur messum.“

Fólk er mun afslappaðra í seinni messunni, enda mesta jólastressið búið. Aðrar messur eru á jóladag klukkan tvö og annan í jólum klukkan ellefu, en þá er fjölskyldustund. Það er því nóg að gera hjá okkur hér um jólin og allir hjartanlega velkomnir.“

FJÖGUR KERTALJÓS AÐVENTU

Aðventa þýðir „Koma Drottins“ á latínu og hefst fjórða sunnudag fyrir jól. Aðventan er einnig kölluð jólafasta því á öldum áður mátti ekki borða hvað sem var og alls ekki kjöt.

Aðventukrans byggir á norður-evrópski hefð. Sigrænt greni táknar líf í Kristi og hringurinn eilífðina.

Fyrsta kertið nefnist Spádómskerti og minnir á fyrirheit spámanna Gamla testamentisins sem sögðu fyrir um komu frelsarans. Annað kertið er Betlehems-kerti og minnir á þorp í sem

Jesús fæddist í. Þriðja kertið er Hirðingjakertið og vísar til þess þegar snauðum og ómenntuðum fjárhirðum var á undan öllum sögð tíðindin góðu. Fjórða kertið er Englakertið sem tákn um englana sem báru mannheimi fregnirnar um Jesúbarnið í Betlehem.

Aðventukrans barst sem siður frá Danmörku til Íslands um miðja síðustu öld. Hann varð algengur á íslenskum heimilum á sjöunda áratugnum og þykir nú ómissandi hluti af íslensku jólahaldi.



Hæsta kirkja heims

Flestar af hæstu kirkjum heims eru í Evrópu og voru byggðar fyrir árið 1900. Hæsta kirkja heims telst vera Ulm Minster sem staðsett er í Ulm í Þýskalandi. Hún var byggð árið 1890 og er 161,5 metra há. Ganga þarf upp 768 þrep til að komast á hæsta útsýnisstaðinn. Til gamans má geta þess að Hallgrímskirkja, hæsta kirkja Íslands, er 74,5 metra há. Ulm Minster er því meira en tvöföld stærð Hallgrímskirkju en níu hæstu kirkjur heims eru allar meira en tvöföld stærð Hallgrímskirkju. Af fimmtíu hæstu kirkjum heims er ein í Bandaríkjunum og Kanada, ein í Afríku og tvær í Suður-Ameríku. Hinar eru allar í Evrópu, þar af sextán í Þýskalandi. Hæsta kirkju Norðurlanda er dómkirkjan í Uppsölu í Svíþjóð. Hún er 118,7 metra há. Einungis tíu af fimmtíu hæstu kirkjum heims voru byggðar eftir 1900 og eru þær flestar utan Evrópu.

Spánverjar eru enn að byggja hæstu kirkju heims sem mun slá Ulm Minster út verði hún einhvern tímann fullbyggð. Vinnan við byggingu kirkjunnar hófst árið 1883. Kirkjan heitir Sagrada Família og er í Barcelona. Verði byggingu hennar lokið mun hún verða 170 metra há.



LÁTUM
FRÍÐARLJÓSIÐ
LÝSA UPP AÐVENTUNA



Með því að kaupa FRÍÐARLJÓSIÐ styrkir þú hjálparstarf og um leið verndaðan vinnustað.

Hjálparstarf
kirkjunnar

Bíblían
BÓK BÓKANNA



www.forlagid.is

Óskalagatónleikar, aðventu- kvöld og fjölbreytt listalíf

Í **Háteigskirkju** er lögð mikil áhersla á listastarf. Reglulega eru haldnir tónleikar og myndlistarsýningar. Tveir kórar starfa í kirkjunni og fyrirhugað er að stofna listafélag.

Háteigskirkju er öflugt tónlistar- og listalíf. Þar eru tveir kórar, kirkjukór og kammerkór. Einnig er fyrirhugað að stofna listafélag Háteigskirkju í byrjun næsta árs en því er ætlað að halda utan um allt listastarf sem fer fram í kirkjunni, bæði tónleika og myndlistarsýningar í safnaðarheimili kirkjunnar.

„Kirkjukór Háteigskirkju er tiltölulega nýr kór og í honum eru um tuttugu manns,“ segir Kári Allansson, organisti og kórstjóri Háteigskirkju. „Kirkjukórinn er í örnum vexti og syngur reglulega við messur. Fram undan er til dæmis aðventu- kvöld kirkjunnar þann 16. desember næstkomandi og mun kórinn flytja þar aðventu- tónlist og biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir, mun flytja hugvekju. Kórinn er einnig að undirbúa stóra tónleika með hljómsveit í vor í samstarfi við þrjá aðra kóra.“

„Í Kammerkór Háteigskirkju eru fag- lærðir söngvarar. Kammerkórinn verður með jólatónleika 19. desember sem verða óskalagatónleikar. Fólk getur sent óskalög á netfangið mitt, kari@hateigs- kirkja.is og beðið um óskalag. Allir geta komið á tónleikana og hlustað á sitt uppá- haldsjólag því við reynum að verða við öllum óskum. Nú þegar eru komin óska- lög úr ýmsum áttum, meðal annars „Last

Christmas“ með Wham!, „Santa Baby“ sem bæði Madonna og Eartha Kitt hafa tekið og svo „Heims um ból“,“ segir Kári.

Í upphafi nýs árs er stefnt að stofnun listafélags Háteigskirkju. „Félagið verður stofnað til að fá meiri þunga í rekstur tónleikahaldsins og efla tónlistarlífið í kirkjunni. Ég verð listrænn stjórnandi þess og markmiðið er að halda tónleika vikulega. Kirkjan er vel fallin til tónleika- halds og ekki síst fyrir órafmagnaða tónlist en eftirspurn hefur verið eftir því að halda tónleika hér.“

Myndlistin fær sitt pláss í Háteigskirkju en í tenging milli kirkju og safnaðar- heimilis, sem er einfaldlega kallaður Gang- urinn, hafa verið haldnar sýningar. Nú er þar sýningin, Ó... María ó... meistari eftir Evu Ísleifsdóttur.

Tónlistarlífið hefur verið í miklum blóma í kirkjunni að undanförunu en þar hefur hádegistónleikaröðin „Á ljúfum nótum í Háteigskirkju“ verið haldin annan hvern föstudag síðan í febrúar. „Tónleikarnir hafa verið ágætlega sóttir enda fjölbreyttir og skemmtilegir. Listrænn stjórnandi tón- leikaraðarinnar er Lilja Eggertsdóttir og höfum við verið með djass, klassík, ein- söng og fleira. Næsta föstudag halda Auður Gunnarsdóttir sópran og Snorri Wium tenór ásamt Kammerhópnum Stillu tón-



Kári Allansson, organisti og kórstjóri, segir mikinn slagkraft vera í tónlistarlífinu í Háteigskirkju og gaman að taka þátt í því.

MYND/GVA

leika þar sem verður fjölbreytt dagskrá. Það er mikill slagkraftur í tónlistarlífinu í Háteigskirkju, það er gaman að taka þátt í

því og að finna hvað allir eru jákvæðir enda margt spennandi og skemmtilegt fram undan,“ segir Kári.

Dagskrá aðventu, jóla og áramóta í Háteigskirkju

Sunnudagur 16. desember, 3. sunnudagur í aðventu
Messa og barnaguðsþjónusta kl. 11.

Prestur sr. Tómas Sveinsson. Organisti Kári Allansson.

Aðventusöngvar við kertaljós kl. 20.00.

Biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir flytur hugvekju.

Kirkjukór Háteigskirkju syngur notalega aðventutónlist.

Organisti Kári Allansson.

Miðvikudagur 19. desember kl. 20

Jólatónleikar Kammerkórs Háteigskirkju.

Kórinn flytur uppáhaldsjólag okkar allra.

Organisti og kórstjóri er Kári Allansson.

Aðfangadagur 24. desember

Aftansöngur kl. 18.00.

Prestur sr. Tómas Sveinsson. Organisti Kári Allansson.

Kammerkór Háteigskirkju syngur. Himneskur kórsöngur frá kl. 17.40.

Miðnæturmessa kl. 23.30.

Prestur sr. Helga Soffía Konráðsdóttir. Organisti Kári Allansson.

Kirkjukór Háteigskirkju syngur innileg jólakórverk.

Jóladagur 25. desember

Hátíðarmessa kl. 14.00.

Prestur sr. Tómas Sveinsson. Organisti Kári Allansson.

Félagar úr Kammerkór Háteigskirkju syngja.

2. jóladagur 26. desember

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14.00.

Prestur sr. Helga Soffía Konráðsdóttir. Organisti Kári Allansson.

Samveran er tileinkuð allri fjölskyldunni – ungum sem eldri.

Gamlársdagur 31. desember

Aftansöngur kl. 18.00.

Prestur sr. Helga Soffía Konráðsdóttir. Organisti Kári Allansson.

Félagar úr Kammerkór Háteigskirkju flytja meðal annars Hátíðarsöngva sr. Bjarna Þorsteinssonar.

Nýársdagur 1. janúar 2012

Hátíðarmessa kl. 14.00.

Prestur sr. Tómas Sveinsson. Organisti Kári Allansson.

Kirkjukór Háteigskirkju flytur meðal annars Hátíðarsöngva sr. Bjarna Þorsteinssonar.

Sunnudagur 6. janúar, þrettándinn

Messa og barnaguðsþjónusta kl. 11.00.

Prestur sr. Tómas Sveinsson. Organisti Kári Allansson.



Pau Arnar Ragnarsson og Sólveig Ásta Sigurðardóttir eru æskulýðsleiðtogar í Háteigskirkju og annast barna- og unglíngastarf kirkjunnar.

MYND/STEFÁN

Öflugt barna- og unglíngastarf

Arnar Ragnarsson, æskulýðsleið- togi og nemi í íþróttfræði, sér um barna- og unglíngastarf Háteigs- kirkju ásamt Sólveigu Ástu Sig- urðardóttir, æskulýðsleiðtoga og nema í bókmenntafræði. „Starfið hjá okkur er í stöðugri sókn og miklum blóma. Fjöldi þeirra sem mætir hefur aukist í öllum aldurs- flokkum enda er mjög gaman hjá okkur og við reynum að mæta þörfum og áhugasviði flestra,“ segir Arnar.

Arnar tók þátt í kirkjustarfi sem barn og hefur áhuga á að gefa ungum krökkum tækifæri til að upplifa eitthvað skemmtilegt eins og hann gerði sjálfur í því starfi. „Starfið hjá okkur er mjög fjölbreytt og við reynum að gera krökkunum kleift að upplifa eitthvað sem þau gera ekki annars

staðar. Við leggjum mikla áherslu á það að boða börnum sem til okkar koma trúna á Jesú Krist. Við sköpum umhverfi þar sem þau læra góð gildi sem koma fram í Biblíunni. Leikir eru líka frá- bær leið til að læra og við fléttum saman leiki og trú.“

Barna- og unglíngastarfið í Há- teigskirkju er hópaskipt. Sunnu- dagaskólinn er á sunnudags- morgnum klukkan 11. Starf fyrir tíu til tólf ára er á þriðjudögum, fyrst stelpur klukkan 16 og svo strákar klukkan 17.30. Á þriðju- dagskvöldum hittast unglíngar í 8. til 10. bekk og eru áttundubek- kingarnir sér en 9. og 10. bekkur saman. „Það hefur gefist vel að skipta þessu niður, þannig náum við til sem flestra og krakkarnir fá frekar að gera það sem þau hafa

áhuga á enda hafa þessir hópar áhuga á ólíkum hlutum. Mark- miðið með hópaskiptingunni er að þá getum við betur haft dag- skrána einstaklingsmiðaða og náð þannig betur til þess aldurs- hóps sem verið er að vinna með hverju sinni. Oft förum við eitthvað út fyrir kirkjuna öll saman og höfum við til dæmis farið í sund og bíó. Einnig er alltaf farið í lengri ferðir þar sem er gíst yfir nótt. Unglínarnir fara einu sinni á önn og yngri börnin fara á vorin. Við förum með unglíngana núna í haust á Landsmót kirkjunnar á Egilsstöðum þar sem var mikið stuð og gaman. Við reynum að skapa góðar stundir fyrir krakk- ana þannig að þau fari með já- kvæða mynd af kirkjunni út í lífið,“ segir Arnar.



EINSTÖK KIRKJA

Eitt af undrum lista- og byggingarsöggunnar er kirkjan La Sagrada Família í Barcelona á Spáni. Smíði hennar hófst árið 1882 og stendur enn yfir. Það var katalónski arkitektinn Antoni Gaudí, sem þekktur var fyrir gotneskan stíl og nýstárlega hönnun, sem á heiðurinn af þessari einstöku hönnun. Í áætlunum Gaudís er gert ráð fyrir átján turnum á kirkjunni og hefur hver og einn táknræna merkingu. Tólf af þeim tákna lærisveina Jesú. Fjórir tákna guðspjallamennina Matteus, Lúkas, Jóhannes og Markús. Þá tákna einn Jesú og annar Maríu, móður Jesú. Þegar lokið verður við kirkjuna mun hæsti turninn vera 170 metrar og kirkjan því vera hæsta kirkja í heimi. Áætluð verklok eru 2026 til 2028.



ELSTA KIRKJAN

Elsta kirkja Íslandssöggunnar var reist nokkrum árum fyrir kristnitöku árið 1000. Reyndar er deilt um tímasetninguna því ekki eru allir sammála um hvenær fyrsta skeið kristni var hérlendis og í hvaða merkingu orðið kirkja skuli notað. Sé hugtakið kirkja notað um byggingar sem einkum eru notaðar til helgihalds óháð stærð, gerð, eignarhaldi, vígslu og kirkjuréttarlegri stöðu má fullyrða að kirkjur hafi risið hér á landi töluvert fyrir kristnitöku. Þó eru ekki til margar heimildir eða fornleifar til að styðjast við.

Í Kristnisögu, frá 13. öld, segir að Þorvarður Spak-Böðvarsson hafi reist kirkju á bæ sínum í Hjaltadal sextán árum fyrir kristnitöku eða árið 984. Á árunum 1998-1999 var grafinn upp kirkjugrunnur að Neðra-Ási sem var líklega frá því um eða fyrir 1000. Uppgröftur þessi sannar ekki frásögn Kristnisögu en rennir stöðum undir að þegar um aldamótin 1000 hafi kirkjur tekið að rísa hér á landi. Í upphafi voru allar kirkjur á Íslandi í einkaeigu og því ákváðu yfirvöld ekki hvort og hvar skyldi byggja kirkju.

Heimild: Vísindavefurinn

KIRKJUR HELGAÐAR HEILÖGUM ÞORLÁKI

Þorlákur Þórhallsson helgi settist á biskupsstól í Skálholti árið 1178. Hann var tekinn í dýrlinga tölu á Íslandi árið 1198 og honum eru tileinkaðir tveir messudagar á ári, Þorláksmessa á vetri þann 23. desember og á sumri 20. júlí.

Þorlákur helgi er verndari Kristskirkju í Reykjavík. Kapólska kirkjan á Íslandi kennir einnig við hann heilags Þorlákssókn í Reyðarfirði, sem var stofnuð 28. júlí 2007 og nær yfir Austur-Skaftafellssýslu og

báðar Múlasýslur. Fyrir siðaskipti voru meira en fimmtíu íslenskar kirkjur helgaðar heilögum Þorláki. Hin elsta þeirra mun hafa staðið á Stóra-Hofi á Rangárvöllum.

Kauptúnið Þorlákshöfn í Árnesýslu dregur einnig nafn sitt af Þorláki helga. Sagt er að þar hafi áður verið bærinn Elliðahöfn, og hafi bóndinn eitt sinn lent í hremmingum á sjó og þá heitið á Þorlák að breyta nafni bæjarins ef skip hans næði landi. Þó kann einnig að vera að bærinn hafi



fengið nafn af kirkjunni á þeim stað, sem var helguð Þorláki en enn í dag

ber guðshús þjóðkirkjunnar í Þorlákshöfn heiti biskupsins. Heimild: wikipedia.org

Bækur, spil og falleg gjafavara á góðu verði fyrir alla



Blekking og Svartir túlpanar Höfundar kynna bækur sínar í dag kl. 15 í IDA Lækjargötu

verð 2.990

verð 2.990



verð 2.990



verð 4.590




verð 4.590



verð 2.990



verð 4.290



verð 7.390



verð 6.290



verð 2.990

IDA Lækjargata 2a 101 Reykjavík sími 511-5001 opið 9 - 22 alla daga
IDA ZIMSEN Vesturgata 2a 101 Reykjavík sími 511-5004 opið 9 - 22 alla daga